

14 júlí 2005 voru 216 ár frá falli Bastillunar í París, þá hófst byltingin í Frakklandi. Þessi dagur er þjóðhátíðardagur Frakka til minningar um þegar lýðurinn tók völdin af kónginum og svokallað lýðræði varð til.

**Pétur Halldórsson**  
ph@centre.is

# Heimsaldur lýðræðisins hófst með blóðsúthellingum og táknaþylleríi á Signuvöllum

Aldirnar á undan hafði öllum auði Frakklands verið safnað á fáar hendur á kostnað almennings. Bastillu dagurinn markar upphaf tímabils mikillar eignafærslu frá gjörspilltu hagkerfi aðalansins aftur til samfélagsins. Nýr heimsaldur hafði fæðst. Fyrstu mánuðir þessa nýja tímasteiðs einkenndust af úrræðaleysi og því sem kallast stjórnarkreppa á nútímamáli. Á dögum nýfengis frelsis og jöfnuðar öllum til handa héngu eignir og titlar í einkonar tómarúmi. Múgsefunin sem þessu fylgdi leiddi til þess að allt það sem áður hafði verið talið einhvers virði þurfti að eyðileggja eða höggva. Ásjóna alræðisvaldsins sem lýðurinn tók sér var skefjalaust ofbeldi, má segja að í upphafi byltingarinnar hafi orðið Terror orðið til. Fólk var miskunnarlaust dæmt til dauða, réttarsalir voru hvar sem gott var að halda samkundu svokallaðra byltingarnefnda, sem settust niður í fangelsum, í yfirteknum húsum hinna efna meiri eða í kverfiskráum þar sem gott var að sumbla og útteila dómum, en það þurfti að hafa hraðar hendur því hinir ríku áttu fjölmennar fjölskyldur og oft var vinahópur þeirra stór, síðast en ekki síst flæddi rauðvínið ótæpilega, það slævði hefndarþorsta og rændi dómara rænu snemma kvölds. Þau heppnu voru hálsþoggin í Guillotin fallöxi sem komið var fyrir í hverjum bæ, aðrir voru rifnir í tætlur af lýðnum og ekki var óalgegnat að samkundur þessar enduðu með því að drukkinn lýðurinn gekk um götur Parísar með höfuð eða aðra líkamsparta aðalsfélks á stöngum eins og táknafeitur.

Í fyrstu vissu nýir valdhafar ekki hvað átti að gera við konung og fjölskyldu hans. Lúðvíki 16. drottningunni Mariu Antoinette, prinsinum unga Lúðvíki 17. sem kallaður var litli Dauphin ásamt prinsessunni Mariu Teresu og systur konungs var haldið í stofufangelsi í Tulliers höllinni í tæp 2 ár. Þaðan voru þau flutt í Temple kastalann í norðurhluta Parísar þar sem þau voru fangar síðustu mánuði lífs síns. Lúðvík 16. var hálsþoggin í fallöxinu í byrjun árs 1793 og María Antoinette tíu mánuðum síðar, því næst systir konungs, vinir og þjónustufólk. Eftir af-tökur foreldranna var börnunum haldið hvort í sínu lagi í einangrun þar til prinsinn dó tæplega 11 ára gamall. Prinsessan var þá orðin 15 ára og sú eina sem eftir var á lífi af konungsfjölskyldunni, hún var notuð í fangaskiptum við Austur-ríki ári síðar.

Á meðan konungur var fangi þurfti hann að framkvæma ýmis embættisverk, honum til niðurlægingar. Eitt þeirra var að vera viðstaddur táknaþylleríi til friðþægingar fólkinu er það gekk á vit nýs heimsaldurs, bruna trésléttu-lagsins. Á Signubökkum þar sem Eiffel turninn stendur í dag, var reistur mikill bálkóstur skreyttur skjaldarmerkjum konungssinna og merkjum kirkjudeilda franska heimsvaldsins. Fólkíð krafðist þess að konungur og drottning væru vitni að því þegar það brenndi táknaþylleríi konungsveldisins og dansaði á rústum þess.

## Tvær heimsmyndir, alveg eins

Við samanburð á hugmyndafræði og tölfræði í íslenskum fornsögum og samtímaefni frá öðrum löndum virtust tákni og tölur í sumum sögum benda til þess að sjálft söguvið þeirra skipti máli og væri afmarkað á vissan hátt. Einar Pálsson fræðimaður rannsakaði þetta m.a. í Njálssögu og uppgötvaði hjól mikið á ósum Rangárvalla, einkonar baksvið sögunnar, heimsmynd sem augljóslega var miðað við er fyrstu ábuendur

*Bastillan var háreistur kastali með átta turna og 30 m háa vegg, reistur á 14. öld austan gömlu Parísar. Á 18. öld var hernaðargildi hans ekki mikið og áratugina fyrir byltinguna var hann einkonar einkafangelsi konungs. Örlög þeirra er fengu að dúsa þar voru skráð á innsiglið konungsbréf, lettre de cachet, ekki á opinber réttarskjöl. Um Bastilluna var huliðshjúpur, komið var með fanga þangað í lokuðum vögnum sem geystust inn um hliðið og færðir í klefa sína framhjá varðmönnum sem snerust á hæl að veggnum á meðan gengið var framhjá. Ekki fór sögum af harðræði innan veggja Bastillunar, þvert á móti var sagt að þar væri ekki vont að vera og maturinn væri góður. Dýflisur í kjallara kastalans voru aldrei notaðar, fangar voru í herbergjum á efri hæðum og máttu hafa hjá sér ýmsa persónulega muni og voru yfirleitt ekki fleiri en tíu á hverjum tíma.*

landsvæðisins reistu þar sína bústaði. Samkvæmt niðurstöðum Einarss sem birtust í ritafni hans Rætur íslenskrar menningar (R.Í.M.), geyma árosar Rangvalla risavaxið sólúr sem felur í sér norræna heimsmynd heidins kornkonungdæmis. "Konungdæmi Norrænna og Evrópskra þjóða byggðust á sömu grundvallar hugmyndum sem rekja má um menningarsvæði Indlands, Miðjarðarhafslöndanna, Grikklands, Rómars og Norðr Evrópu, allt aftur til steinaldar" (EP. Kyn 1981). Telja má að trúarbrögð frumbyggja suðurlands segðu svo fyrir um að hugmynd heidinnar heimsmyndar skildi fest við kennileiti á ósum Rangárvalla. Ritúalið var hefðbundið enda þá þegar orðið mörg þúsund ára gamalt og þekkingin klassískur lærdómur þeirra tíma, geymd í samfélagi höfðingja. Við mælingu heimsmyndarinnar í Rangárhverfi var endir bundinn á þúsunda ára þróunarsögu helgisíða mannkysins því hún var sennilega síðasta sinnar tegundar í veraldarsögunni því lönd sem numin voru eftir árið 1000 voru helguð Kristi hinnar nýju trúar. Ad sama skapi má ætla að þegar byltingarsinnar tóku af lífi yfirstéttina í Frakklandi ásamt prestum og kennurum, var þurkuð út æva forn þekking á heimsmyndafræði sem geymd var í samfélagi frönsku konungaættarinnar því rannsóknir benda til þess að nákvæmlega eins heimsmynd og sú sem Einar fann á Rangárvöllum hafi verið mörkuð í land á Signuvöllum þar sem París er nú.


Ef rétt er lesið í táknið var samsvörum heimsmynda Íslands og Frakklands svona:

	Rangárvellir	Signuvellir
Hugmynd sköpunar	Þridrangur	Rambouillet
Hugmynd upphafs	Bergþórshvöll	Port Royal
Miðjan	Steinkross	St. Denis
Hástaða sólúr	Stöng	Ermenonville
Dagmál	Godasteinn	Belle Croix
Boðun sumars	Skálholt	Cornélis en Vexin
Miðja staðfestis og halds	Helgafell	Observatoire
Táknið nýrrar sólúr	Þrihyrningur	Porte Dorée
Teningurinn jörð	Hof	Porte de St. Cloud

Tölvísi heimsaldra virðist vera þúsunda ára gömul. Frá því að sögur hófust hafa t.a.m. Indverjar þótt þekkingu hinn stóra takt alheimsins og vitrir menn þar suðurfrá sagt godsögur um heimsaldra, eyðingu og endurfæðingu veraldar í ragnarökum Hinduisms og flæði tímans, sem dögum í lífi Brahma. Svonefndur Kalpa heimsaldur er einungis einn dagur í lífi Brahma en hann samsvarar 4320 (2 x 2160) milljón jarðneskum árum. Kalpa er skipt niður í þúsund heimsaldra svonefnda Mahayugas, þeim er skipt aftur í fjögur Yugas sem heita Krita, Treta, Dvapara og Kali. Þessi heimsaldara tímabil byggjast á 8, 6, og 4 þúsunda margfeldi 216 ára. Heimsaldur

nútímans er tímabil 432.000 ára (2000 x 216) og nefnist Kaliyuga. Tölur þessara fornu Indversku godsagna eru þær sömu og finnast um alla Evrópu í hlutföllum heimsmynda fornra konungdæma og byggjast á talnaröðinni 27 - 54 - 108 - 216 - 432 - 864 ... Talan 216, virðist hafa verið einkonar sköpunartala í fornri trú. Þybagórear höfðu mætur á þessari tölu, þeir sögðu m.a. að það tæki mannsálina 216 ár að endurholdgast. Í ljósi þess að heimsaldur lýðræðisins varð 216 ára 14. júlí síðastliðinn er nú fyrsti taktur lýðræðisins sleginn samkvæmt fornri tölísi.

Sjá nánar: www.centre.is



Svo virðist sem landnám hafi allsstaðar farið fram með samskonar hætti. Land var mælt og markað gangi helstu himinntungla. Landsvæðið þjónaði tvennum tilgangi; að vera heimsmynd og að vera sólúr. Landsvæðið var alls staðar 216.000 fet að þvermáli, mæld út frá formiði í suðvestri þar sem sól var í lægstu stöðu á árhring.

